

Orkustofnun
Skúli Thoroddsen
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Garðabær, 18. júlí 2016
2016060014/42-8
TB
tb

Umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um Kiðufellsvirkjun á vatnasviði Fellsár og Kelduár Fljótsdalshreppi

Vísað er til bréfs frá Orkustofnun, dags. 7. júní sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um umsókn Arctic Hydro ehf. um rannsóknarleyfi vegna áætlana um Kiðufellsvirkjun á vatnasviði Fellsár og Kelduár Fljótsdalshreppi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir erindið og gerir ekki athugasemd við að leyfi sé veitt til rannsókna vegna áætlana um Kiðufellsvirkjun í samræmi við þær forsendur sem gefnar eru um leyfi til rannsókna á svæðum sem ekki hefur verið tekin afstaða til í verndar- og orkunýtingaráætlun sbr. 5. gr. laga nr. 48/2011. Í greininni kemur m.a. fram að ef ekki hefur verið tekin afstaða til virkjunarkosta í gildandi áætlun skulu þeir lúta sömu reglum og virkjunarkostir í biðflokki. Um þá segir m.a. að heimilt er að veita leyfi tengd orkurannsóknum og stunda orkurannsóknir sem ekki eru leyfisskyldar enda séu framkvæmdir vegna þeirra ekki matsskyldar samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum eða háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt ákvörðun Skipulagsstofnunar eða, þegar við á, úrskurði ráðherra. Náttúrufræðistofnun vekur athygli á því að svæði nr. 618 er í grennd við rannsóknasvæðið og svæði á náttúruminjaskrá nr. 645, Strútsfoss í Strútsdal, Fljótsdalshreppi er innan rannsóknasvæðis. Í náttúruminjaskrá segir: *Strútsfoss og aðrir fossar í gilinu frá ármótum Fellsá ásamt 500 m breiðu belti beggja vegna. Stórbrotið hamragil, allt að 200 m djúpt, litfagurt með klettadröngum og stöpum. Fyrir botni gilsins er Strútsfoss, einn af hæstu fossum landsins, rúmlega 100 m hár, en tvískiptur. Birkikjarr er í gilinu utanverður og hvannstóð við fossinn.* Náttúrufræðistofnun leggur ríka áherslu á að farið sé í einu og öllu að lögum um náttúruvernd t.d. um akstur utan vega og að öllu raski sé haldið í algjöru lágmarki þar sem hér er eingöngu um rannsóknaleyfi að ræða.

Virðingarfyllt



Trausti Baldursson
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafadeildar

